

Frumvarp til breytinga á lögum um raforkumál og þingsályktunartillaga um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína í jörð

## Minnisblað

305.mál

Tillögur þessar eru ekki tímabærar á meðan innleiðing 2. orkupakka ESB er til rannsóknar hjá ESA (sjá annað minnisblað). Þá eru áhöld um samræmi breytinga við skipulagslög og mat á umhverfisáhrifum, skv. umsögn Skipulagsstofnunar. Þingmálin ná ekki þeim tilgangi sínum að auðvelda og auka hlut jarðstrengja í meginflutningskerfi raforku, eins og jarðstrengjanefnd ANR ráðherra lagði til (Skýrsla nefndar um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð). Rétt væri að bíða eftir Landsskipulagsstefnu.

### Tilurð lagabreytinga og þingsályktunartillögu, og ástæður sem gefnar eru upp

- Landsnet hefur haldið því fram að fyrirtækið geti ekki lagt raflínur í jörð nema skýrari heimildir verði í lögum, sérlega til að geta tekið tillit til umhverfismála og sett raflínur í jörð
  - Ekki þarf frekari heimildir. Ekkert í raforkulögum bannar lagningu raflína í jörð jafnvel þó svo að í sumum tilvikum geti það reynst dýrara en loftlína
  - Núverandi löggjöf veitir Landsneti allar heimildir til þess að taka fullt tillit til umhverfissjónarmiða, og skyldar fyrirtækið beinlínis til þess, sbr.:
    - 4. tl. 1. gr. raforkulaga (“taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti”),
    - 73. gr. ESS-samningsins,
    - tilskipanir EES bæði í umhverfismálum og raforkumálum,
    - núgildandi 2. mgr. 9. gr. raforkulaga heimilar Orkustofnun að binda leyfi „skilyrði[um] er lúta að umhverfisvernd“
  - Ákvæði 1. mgr. 9. gr. raforkulaga um að flutningskerfið skuli byggja upp á hagkvæman hátt er þessu auðvitað ekki til fyrirstöðu og bannar engar tiltekna lausnir, heldur offjárfestingu sem yrði velt óhindrað út í gjaldskrá. Kjarni allrar löggjafarinnar (á EES-grunni) er sá, að tekið skal ríkt tillit til umhverfismála.
  - Þá kveða markmið laganna skýrt á um að stuðla beri að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi, en í því felst að taka tillit til samfélagslegra og umhverfislegra viðmiða.

### Frumvarp til breytinga á raforkulögum (mál 305)

- Landsneti gert kleyft að nota virkjanahugmyndir í nýtingar- og biðflokkum rammaáætlunar sem forsendur við áætlanagerð sína (kerfisáætlun) um framkvæmdir í flutningskerfi raforku til 10 ára. Keyrir upp þörfina á lagningu stórra lína (220kV) á forsendum sem standast ekki (enda jafngildir nýtingarflokkur rammaáætlunar ekki ákvörðun um að virkja yfir höfuð, hvað þá innan 10 ára, og alls ekki biðflokkur).
- Leyfisveitingar einfaldaðar úr hófi fram: Landsneti færð óeðlilega mikil völd með því að Orkustofnun þarf einungis að samþykkja kerfisáætlun í heild sinni, ekki einstaka framkvæmdir. Óljóst með kæruleiðir (sjá einnig umsögn Skipulagsstofnunar).
- Umhverfismál útvötnuð í frumvarpinu, t.d. er tekin út heimild eftirlitsaðila (OS) til að setja í leyfisveitingu skilyrði er lúta að umhverfisvernd. Gengur þvert á 1. gr. raforkulaga og einnig aðra löggjöf.

- Frumvarpið rekst á aðra löggjöf um skipulagsmál. Sveitarfélögum gert að taka áætlanir Landsnets möglunarlaust upp í aðalskipulag. Sjá umsögn Skipulagsstofnunar er varðar árekstra við skipulagslöggjöf.
- Eftirlit áfram í höndum Orkustofnunar, sem fengi enn aukna ábyrgð. Það gengur þvert gegn væntanlegri löggjöf sem taka þarf upp samkvæmt 3ja orkupakka ESB (tilskipun 72/2009/EC) en samkvæmt henni skal eftirlit að vera í höndum aðila sem hvorki er háður eða heyrir undir opinbera eða einkaaðila; sjálfstæður og óháður gagnvart þeim – OS er það ekki, þar sem allir (fjórir) starfsmenn raforkueftirlits heyra beint undir orkumálastjóra og stofnunin heyrir undir ráðherra og sömu starfsmenn sinna einnig öðrum störfum en eftirliti. 3. orkupakkinn er í meðferð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og búist er við að hann verði brátt tekinn upp í EES samninginn og verði skuldbindandi fyrir Ísland.

### Þingsályktunartillaga um lagningu raflína í jörð (mál 321)

- Málinu drepist á dreif með umfjöllun um dreifikerfi (lægri spenna) sem ekki á þar heima og var ekki fjallað um í jarðstrengjanefnd (enda eru þar engin vandamál er tengjast vilja til að leggja jarðstrengi)
- Sett eru viðmið um hvenær leggja má jarðstrengi þrátt fyrir að þeir kosti meira en loftlínur. Viðmiðin eru alvarleg útvötnun á tillögum jarðstrengjanefndar sem ANR ráðherra skipaði 2012:
  - ná ekki lengur til allra náttúruverndarsvæða, þ.m.t. ekki til fólkvanga, svæða á náttúruvinjaskrá og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.
  - búið að taka út viðmið um svæði þar sem veður geta dregið úr afhendingaröryggi.
  - algerlega skortir viðmið um vernd víðerna – þar sem sjónræn áhrif mastra eru þó mjög neikvæð.
- Gert er ráð fyrir kostnaðarþaki á viðmiðin (jarðstrengir mega ekki vera meira en 1,5 sinnum dýrari) og eina undantekningin eru friðlönd sem friðuð eru vegna sérstaks landslags (ekki einu sinni þjóðgarðar).
- Fullyrða má að kostnaðarþakið 1,5 muni útiloka (nær) algerlega 220kV jarðstrengi á Íslandi, nema í friðlöndum sem friðuð eru vegna sérstaks landslags. Þetta er mikilvægt, þar sem opinber stefna Landsnets er einmitt að byggja allt meginflutningskerfið upp á 220kV.
- Ef lagning jarðstrengja er tæknilega örðug þá kann það að koma í veg fyrir lagningu þeirra þrátt fyrir viðmiðin.
- Grefur undan mati á umhverfisáhrifum (MÁU). Ekkert kemur fram annað en að Landsneti sjálfu verði falið að vinna kostnaðarmat og meta tæknilega möguleika;
  - ekkert fjallað um eftirlit með þessu.
  - auðvelt að komast hjá MÁU ef þessir þættir ekki uppfylltir því auðvelt er fyrir LN að halda því einhliða fram að jarðstrengur sé ekki raunhæfur kostur og því beri ekki að umhverfismeta þá til samanburðar á við loftlínu.

**Jarðstrengjanefndin, sem skipuð var skv. þingsályktun Alþingis með það skýra markmiði að auka hlut jarðstrengja í flutningskerfinu - af umhverfisástæðum - er að snúast upp í andhverfu sína. Jarðstrengir og umhverfissjónarmið myndu verða alger undantekning í flutningskerfi sem Landsnet hefur lýst yfir að það vilji byggja upp á 220kV verði þessi þingmál að veruleika.**